

64. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn fimmtudaginn 23. júní 2016

Fundargerð

Fundurinn haldinn í fundarsal hjá Austurbrú á Reyðarfirði kl. 10:00-12:00.

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Jón Börn Hákonarson (JBH).

Mættir stjórnarmenn í síma: Adolf Guðmundsson (AG)

Fjarverandi en afboðuðu sig: Gauti Jóhannesson (GJ), Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 62 og 63
2. Fundaáætlun 2016_2017
3. Staða mannaðsmála og samanburður við launaáætlun
4. Framlög til markaðsmála
5. Staða ýmissa verkefna
 - a. Erindi til menntamálaráðuneytis
 - b. Orkusetur Austurlands – verkefnahugmynd
 - c. Hagvísar Austurlands
 - d. Fab-Lab Austurland og NMI – Minnisblað NMI
 - e. Samningur við Vopnafjörð
 - f. Náms og starfsráðgjöf
 - g. Brothættar Byggðir
 - h. FAUST – Áfangastaðurinn Austurland

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna á fundinn

1) Staðfesting fundargerðar nr. 62 og 63

Stjórn staðfestir fundargerðir nr. 62 og 63.

2) Fundaáætlun 2016_2017

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fundaáætlun. Framkvæmdastjóra falið að vinna áætlun um málefni

3) Staða mannauðsmála og samanburður við launaáætlun

JÁÐ fór yfir stöðu mála og verkefnin framundan í mannauðsmálum. Starfsmannasamtöl hafa verið í vinnslu undanfarnar vikur, gengið vel og mun þeim ljúka í næstu viku.

Auglýst hefur verið eftir þjónustufulltrúa á starfstöðina á Egs til að sinna verkefnum sem snúa að starfsemi í húsinu. Reiknað er með að ráða í stöðuna frá og með 15. ágúst. JÁÐ fór einnig yfir þrófina fyrir viðbótarafli í verkefni er tengjast símenntun. Stjórn felur JÁÐ að vinna áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

JÁÐ fór yfir málefni er tengjast staðgengli framkvæmdastjóra og felur stjórn JÁÐ að vinna þau mál áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

4) Framlög til markaðsmála

JÁÐ fór yfir drög að erindi til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem hefur verið í undirbúningi á samstarfsvettvangi Markaðsstofa Landshlutanna (MAS). Stjórn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í erindinu um að auka þurfi fjárveitingu í þennan málaflokk ef vinna á að markmiðum sem sett eru fram í vegvísi ráðuneytisins. Stjórn leggur einnig áherslu á aðkomu atvinnulífsins að þeim verkefnum sem verið er að sinna í málaflokknum og felur framkvæmdastjóra að gera tillögur að því.

5) Staða ýmissa verkefna

a. Erindi til menntamálaráðuneytis

JÁÐ og JBH hafa átt samtöl og fundi með ráðuneytinu er varðar erindið sem sent var inn í vetur. JÁÐ og JBH falið að fylgja málefnum eftir.

b. Orkusetur Austurlands – verkefnahugmynd

Stjórn lýsir ánægju sinni með þá verkefnatillögu sem liggur fyrir. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna áfram að því að tryggja verkefninu fjárhagsgrundvöll.

c. Hagvísar Austurlands

JÁÐ og JBH fóru yfir samtöl sem þau áttu við Byggðastofnun um aðkomu að verkefninu. Stefnt er að því að hægt sé að hefja verkefnið formlega á Byggðamálaráðstefnunni í haust. JÁÐ falið að vinna áfram að því að tryggja verkefninu fjárhagsgrundvöll.

d. Fab-Lab Austurland og NMI – Minnisblað NMI

JÁÐ falið að ræða við VA og NMI um útfærslu á starfinu næsta vetur í samræmi við umræðuna á fundinum.

e. Samningur við Vopnafjörð

JÁÐ og SO falið að fara til viðræðna við Vopnafjarðarhrepp um áframhald verkefnisins.

f. Náms og starfsráðgjöf

JÁÐ for yfir stöðu verkefnisins hjá Austurbrú. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að útfærslu á aðkomu verktaka að verkefninu hjá Austurbrú.

g. Brothættar Byggðir

JÁÐ og JBH fóru yfir stöðu verkefnisins bæði fjárhagslega sem og starfsmannalega. Ráðningatími verkefnastjóra er útrunninn og er kostnaður er tengist sumarleyfum að klárast í sumar. Stjórn samþykkir að skoða næstu skref er varðar verkefnastjóra í verkefnið eftir sumarfrí.

h. FAUST – Áfangastaðurinn Austurland

JÁÐ fór yfir fyrirkomulagið á verkefninu Áfangastaðurinn Austurland og næstu skref í verkefninu. Unnið er að samningi á milli FAUST og Austurbrúar um verkefnastjórn.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 12:00

Jón Björn Hákonarson

Sveinn Jónsson

Sigrún Blöndal

Adolf Guðmundsson